

Alþingi við Austurvöll
Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Reykjavík 14.11.2014

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um stofnun Hofsjökulspjóðgarðs. 144. löggjafarþing 2014–2015. Þingskjal 26 – 26. mál.


Náttúruminjasafn Íslands þakkar fyrir erindi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn við framangreinda tillögu til þingsályktunar.

Tillögunni er fagnað og hún felur í sér framsýna og heildstæða hugsun sem er svo mikilvægt þegar um er að tefla umgengni við eina helstu náttúruauðlind Íslands – lítt snortin og ósnortin víðerni hálendisins sem eru þau stærstu sinnar tegundar í Evrópu og þótt víðar væri leitað. Þessi auðlind er að verða ein helsta stoðin í efnahagsbúskap landsins – ferðaþjónustunni, sem byggir á vistvænni nýtingu miðað við flestar aðrar meginatvinnugreinar í landinu, þ.e. að nýta með því að njóta, horfa á og heyra – upplifa.

Skynsamleg umgengni við náttúruauðlindir hálendisins, sem m.a. byggist á heildstæðri verndun stórra landsvæða eins og hér er lagt upp með, er ekki síður mikilvæg fyrir efnahag og lífshamingju landsmanna með hliðsjón af vistfræðilegu þjónustuhlutverki. Stefnit er að því í tillögunni að tengja saman stakar, smærri verndareiningar í stóra heild. Þegar eru fyrir hendi á svæðinu verndareiningar á borð við Þjórsárver, Kerlingarfjöll, Guðlaugstungur og Orravatnsrústir, en einnig er horft til þess að svæði efst á vatnasviði Austari- og Vestari-Jökulsár verði hluti af þjóðgarðinum. Hér mætti einnig benda á nauðsyn þess að hafa Ásbjarnarvötn, Reyðarvatn og ýmis berg- og lindavatnsföll ofarlega á Hofsafrétti innan marka þjóðgarðsins, en um er ræða óvenju frjósöm vötn og merkileg í vistfræðilegu tilliti. Með heildstæðri nálgun þar sem stórar samfelldar náttúrufarslegar heildir eru undir eru meiri líkur á því en ella að vistfræðileg starfsemi og ferli, svo sem koltvíldisbinding, næringarefna- og orkuflutningur, temprun og hreinsun vatns, haldist við óskert og ótrufluð. Vistfræðilegir ferlar fylgja ekki beinum línunum tilbúinna smáhólfa og landamerkja. Líffræðileg fjölbreytni lítur heldur ekki afmörkun landsvæða í smábletti og fláka með girðingum eða öðrum ónáttúrulegum afmörkunum.

Náttúruminjasafn Íslands styður framangreinda þingsályktunartillögu og hvetur til samráðs um málefnið og faglegs undirbúnings. Undirritaður veitir fúslega aðstoð verði til hans leitað um slíkt.

Virðingarfyllst,



Dr. Hilmar J. Malmquist forstöðumaður.